



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um heildarlög útlendinga. 143. löggjafarþing 2013 -2014. Þingskjal nr. 151 – 136. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar.

MRSÍ fagnar tillögunni og bendir á að löngu sé orðið tímabært að endurskoða lög um útlendinga nr. 96/2002 og lög um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002. Í slíkri endurskoðun þarf einnig að yfirfara alla framkvæmd í þessum málefnum til þess að hægt sé að ná fram breytingum og þeirri hagræðingu sem stefna ætti að með lagabreytingunum, líkt og styttingu á málsmeðferðartíma. Ljóst er að aðeins með samstilltu átaki og frekara fjármagni til Útlendingastofnunar, sem ber hitann og þungann af framkvæmd laganna, nást fram raunverulegar breytingar í þessum málaflokki.

MRSÍ styður að flokkun dvalarleyfa verði endurskoðuð og reglur um þau verði samræmdar og skýrt sé kveðið á um það hvort leyfi veitir heimild til atvinnu eða ekki og réttindi til fjölskyldusameiningar, að réttindasöfnun til búsetuleyfis fylgi einstaklingi en ekki dvalarleyfi, að meðferð hælisumsókna verði bætt þ.á. m. málshraði, að hætt verði að refsa hælisleitendum fyrir að framvísa fölsuðum skilríkjum og að stofnuð verði sjálfstæð úrskurðarnefnd í málefnum útlendinga.

MRSÍ gerði umsögn um frumvarp það sem þingsályktunartillagan er að hluta byggð á og vísar skrifstofan í þá umsögn til frekari glöggvunar á afstöðu skrifstofunnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur